

REGLUGERÐ

um virðisaukaskatt af skattskyldri starfsemi opinberra aðila.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til sveitarfélaga, fyrirtækja þeirra og stofnana. Þá tekur reglugerðin eftir því sem við á til ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja, þó ekki banka í eigu ríkisins.

Opinberir aðilar, sbr. 1. mgr., skulu greiða virðisaukaskatt í ríkissjóð af starfsemi sinni eins og nánar er ákveðið í reglugerð þessari.

2. gr.

Opinber þjónustufyrirtæki, sem hafa það að meginmarkmiði að selja skattskyldar vörur eða þjónustu til annarra, skulu greiða virðisaukaskatt af starfsemi sinni, þ.m.t. úttekt til eigin nota eiganda og afhending til annarra opinberra aðila. Þau skulu innheimta virðisaukaskatt af heildarveltu sinni og skila honum í ríkissjóð að frádregnum innskatti af aðföngum.

Með þjónustufyrirtækjum í þessari grein er átt við fyrirtæki, sem rekin eru af sveitarfélögum eða í sameign þeirra, svo sem hitaveitur og rafveitur, svo og ríkisfyrirtæki og fyrirtæki í sameign ríkis og sveitarfélaga. Starfsemi vatnsveitna og hafnarsjóða telst ekki til skattskyldrar starfsemi í þessu sambandi nema að því leyti sem um er að ræða sölu á vörum eða skattskyldri þjónustu í samkeppni við atvinnufyrirtæki.

3. gr.

Fyrirtæki ríkis og sveitarfélaga, stofnanir þeirra eða þjónustudeildir, sem hafa það að meginmarkmiði að framleiða vörur eða inna af hendi þjónustu til eigin nota, skulu greiða virðisaukaskatt af starfsemi sinni að því leyti sem hún er rekin í samkeppni við atvinnufyrirtæki. Við innheimtu á útskatti skal skattverð miðað við almennt gangverð í sams konar viðskiptum og við skil á skatti í ríkissjóð skal innskattur af aðföngum dreginn frá útskatti samkvæmt almennum reglum.

4. gr.

Auk þeirrar skattskyldu starfsemi, sem um getur í 2. og 3. gr., skulu sveitarfélög og ríkisstofnanir, sem framleiða vörur eða inna af hendi þjónustu eingöngu til eigin nota án þess að slík starfsemi fari fram í sérstöku fyrirtæki eða þjónustudeild, sbr. 3. gr., reikna út virðisaukaskatt vegna slíkrar starfsemi og standa skil á honum í ríkissjóð.

Til skattskyldrar starfsemi samkvæmt þessari grein telst meðal annars eftirfarandi starfsemi, að svo miklu leyti sem hún er rekin í samkeppni við atvinnufyrirtæki:

1. Byggingarstarfsemi.
2. Vegagerð og lagning gatna, gerð gangstétta, bílastæða, brúa, hafna o.þ.h.
3. Framleiðsla og lagning bundins slitlags á umferðarmannvirki.
4. Lagning holræsa og vatnslagna.
5. Gerð íþróttamannvirkja.
6. Viðhald bygginga, gatna, lagna og annarra mannvirkja.
7. Þjónusta þar sem krafist er iðnmenntunar.

Ákvæði þessarar greinar taka ekki til starfsemi sem um ræðir í 12. gr.

Við ákvörðun á skattverði þeirrar starfsemi, sem fellur undir þessa grein, skal miða við kostnaðarverð þess hluta heildarkostnaðarins sem ekki hefur verið greiddur virðisaukaskattur af við kaup á aðföngum eða við færslu frá eigin fyrirtækjum eða þjónustudeildum, sbr. 2. og 3. gr. Með kostnaðarverði skal telja bein laun og annan beinan kostnað auk álags vegna launatengdra gjalda og annars sameiginlegs kostnaðar samkvæmt ákvörðun ríkisskattstjóra.

5. gr.

Starfsemi ríkis og sveitarfélaga sem fellur undir 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988 er undanþegin virðisaukaskatti. Undanþága þessi nær aðeins til afhendingar vinnu og þjónustu sem látin er í té, en ekki til virðisaukaskatts af aðföngum til hinnar undanþegnu starfsemi. Á sama hátt er starfsemi vinnuskóla fyrir nemendur undir 16 ára aldri undanþegin virðisaukaskatti svo og sumarvinna skólafólks á aldrinum 16 til 25 ára enda sé um að ræða þjónustu í eigin þágu sveitarfélags.

6. gr.

Starfsemi telst vera rekin í samkeppni við atvinnufyrirtæki samkvæmt reglugerð þessari þegar viðkomandi vara eða þjónusta er almennt í boði hjá atvinnufyrirtækjum og skiptir ekki máli í því sambandi hvort eða hve mikið ríkisstofnun eða sveitarfélag selur af slíkum vörum eða þjónustu til annarra.

7. gr.

Hver sá sem skattskyldur er samkvæmt reglugerð þessari og lögum um virðisaukaskatt skal tilkynna til skattstjóra um starfsemi sína í samræmi við ákvæði 5. gr. laga nr. 50/1988. Í tilkynningunni skulu koma fram upplýsingar um þá bókhaldsreikninga er tengjast hinni skattskyldu starfsemi eftir nánari ákvörðun ríkisskattstjóra.

II. KAFLI

Bókhald.

8. gr.

Bókhaldi opinberra aðila skal haga þannig að bókhaldsreikningar séu auðkenndir eða aðgreindir í eftirfarandi meginflokka:

1. Skattskyld þjónustufyrirtæki, sbr. 2. gr.
2. Skattskyld starfsemi eða þjónustudeildir sem fyrst og fremst er ætlað að framleiða vörur eða inna af hendi þjónustu til eigin nota, sbr. 3. gr.
3. Skattskyld starfsemi sem ekki fer fram í sérstöku fyrirtæki eða þjónustudeild, sbr. 4. gr.
4. Starfsemi sem ekki er skattskyld.

Bókhaldinu skal haga þannig að auðvelt sé á hverjum tíma að kanna þann grundvöll sem útreikningur á virðisaukaskatti er byggður á.

9. gr.

Fyrirtæki ríkis og sveitarfélaga, stofnanir þeirra eða þjónustudeildir, sem hafa það að meginmarkmiði að framleiða vörur eða inna af hendi þjónustu til eigin nota, sbr. 3. gr., skulu haga skráningu á framleiðslu og afhendingu vara og veittri þjónustu með fyrirfram skipulögðum hætti, svo sem með skráningu á vöruúttekt, vinnustundum og öðrum upplýsingum sem geta verið grundvöllur að uppgjöri á virðisaukaskatti.

10. gr.

Ríkisstofnanir og sveitarfélög skulu í bókhaldi sínu aðgreina bókhaldsreikninga vegna starfsemi, sbr. 4. gr., annars vegar í reikninga yfir aðföng með virðisaukaskatti og hins vegar reikninga yfir aðföng án virðisaukaskatts.

11. gr.

Opinberir aðilar skulu að öðru leyti en fyrir er mælt í reglugerð þessari haga bókhaldi sínu og skráningu viðskipta eftir ákvæðum reglugerðar nr. 501/1989, um bókhald og tekjuskráningu virðisaukaskattsskyldra aðila.

III. KAFLI

Endurgreiðsla virðisaukaskatts til opinberra aðila.

12. gr.

Endurgreiða skal ríki, sveitarfélögum og stofnunum þeirra virðisaukaskatt sem þau greiða við kaup á eftirtalinni vinnu og þjónustu:

1. Sorphreinsun, þ.e. söfnun, flutningi, urðun og eyðingu sorps. Virðisaukaskattur vegna endurvinnslu fellur ekki hér undir. Jafnframt skal endurgreiða virðisaukaskatt sem sveitarfélög greiða vegna leigu eða kaupa á sörpágámum vegna staðbundinnar söfnunar sorps.

2. Ræstingu.

3. Snjómokstri.

4. Björgunarstörfum og öryggisgæslu vegna náttúruhamfara og almannavarna.

5. Þjónustu verkfræðinga, tæknifræðinga, arkitekta, lögfræðinga, löggiltra endurskoðenda og annarra sérfræðinga er almennt þjóna atvinnulífinu.

6. Vinna við sérstök verkefni sveitarfélaga eða á ábyrgð þeirra, sem efnt er tilmeð styrk Atvinnuleysistryggingasjóðs, til að fjölga atvinnutækifærum.

13. gr.

Endurgreiðsla skv. 12. gr. tekur til virðisaukaskatts sem sveitarfélög og ríkisstofnanir greiða atvinnufyrirtækjum við kaup á vinnu og þjónustu sem þar um ræðir. Til atvinnufyrirtækja í þessu sambandi teljast opinber þjónustufyrirtæki, sbr. 2. gr. Jafnframt tekur endurgreiðslan til virðisaukaskatts sem fyrirtæki ríkis og sveitarfélaga, stofnanir þeirra og þjónustudeildir, sbr. 3. gr., innheimta af óskattskyldum hluta sveitarfélags eða ríkisstofnun vegna vinnu og þjónustu skv. 12. gr.

14. gr.

Uppgjörstímabil vegna endurgreiðslu er tveir mánuðir; janúar og febrúar, mars og apríl, maí og júní, júlí og ágúst, september og október, nóvember og desember.

Sækja skal um endurgreiðslu vegna hvers uppgjörstímabils til viðkomandi skattstjóra á sérstökum eyðublöðum í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður. Skilafrestur er 1. dagur annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.

Skattstjóri skal athuga endurgreiðslubeiðni og leiðrétt hana ef hún er í ósamræmi við reglugerð þessa eða önnur fyrirmæli skattyfirvalda. Fallist skattstjóri á endurgreiðslubeiðni tilkynnir hann um það til innheimtumanns ríkissjóðs sem annast endurgreiðslu. Endurgreiðsla skal fara fram innan fimmtán daga frá lokum skilafrests. Frestur þessi framlengist þó ef skattstjóri getur, vegna atvika sem rekja má til umsækjanda, ekki gert nauðsynlegar athuganir á gögnum þeim sem beiðnin byggist á. Endurgreiðslubeiðnir sem berast eftir lok skilafrests skulu afgreiddar með umsókn næsta tímabils.

Endurgreiðsla má því aðeins fara fram að ákvörðun um virðisaukaskatt viðkomandi ríkisstofnunar eða sveitarfélags, þ.m.t. fyrirtækja, stofnana og þjónustudeilda þess, liggi fyrir. Kröfu um vangreiddan virðisaukaskatt þessara aðila ásamt álagi og dráttarvöxtum skal skuldajafna á móti endurgreiðslu.

IV. KAFLI

Ýmis ákvæði.

15. gr.

Útskattur af skattskyldri veltu samkvæmt reglugerð þessari skal reiknaður og stemmdur af við bókhald eftir hvert uppgjörstímabil. Við slíka afstemmingu skulu m.a. liggja fyrir upplýsingar um heildarkostnað við þá starfsemi sem skattskyld er skv. 4. gr. Hliðstæð afstemming skal fara fram á innskatti að því leyti sem hann er frádráttarbær frá útskatti samkvæmt reglugerð þessari.

16. gr.

Sveitarfélag getur fengið heimild skattstjóra til að greiða virðisaukaskatt við framvísun virðisaukaskattsskýrslu einu sinni á ári vegna þeirrar starfsemi sem skattskyld er skv. 4. gr. ef skattverð, ákvarðað skv. 5. mgr. 4. gr., er lægra en 400.000 kr. á ári. Fallist skattstjóri á umsókn sveitarfélags skal skila skýrslunni á gjalddaga síðasta uppgjörstímabils ársins.

17. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu skv. 40. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

18. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 2. mgr. 3. gr., 23. gr. og 3. mgr. 42. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, og öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 561/1989, um greiðslu virðisaukaskatts af skattskyldri starfsemi sveitarfélaga og annarra opinberra aðila. Ákvæði reglugerðar þessarar um endurgreiðslu virðisaukaskatts taka til kaupa á vinnu og þjónustu, sbr. 12. gr., frá og með 1. janúar 1990.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá siðarnefndi ráða.